



Viðhorf reyndra blaðamanna

Tjáningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindin. Takmarkana þyrfti að hafa á dómstóllinn í þessum sama dómni að fyrir-mæli um að þessum samfélagsmálum sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur veigameiri sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkaðir áherslur eru hefulega athugun.

- Skýrsla frá IFJ
Yfirlit um öryggismál
- Umsögn um fjölmiðla-frumvarpið

- Nýir taxtar

Í Goodwin málinu laði dómstóllinn að brotið hefði verið gert gegn sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin, ungur blaðamaður fyrir timaritíð Engineer, sem fjallar um viðskiptamálefni, fékk í hendur trúnaðarskiöl sem bentu til að fyrirtækið Tetra væri í kúggan. Fyrirtækið fór fyrir rétt í því augnamiði að komast að því hvaða starfsmaður hefði lekið þessum upplýsing-



Höfundaréttur blaðamanna

- Frásagnar-blaðamennska Námskeið í HÍ
- Siðamál á norrænu þingi
- Siðanefndar-úrskurðir

Yfirskilgjafingunum. Fjölmiðla- kynningarmálaráðgjafingunum erust á milli um lög og skilningu. Fjölmiðlafrumvarpið er samfélagsmál fyrir þessum málum á að fjölmiðlafrumvarpið er samfélagsmál og að innflyndum og öðrum minniháttum væri jafn rétt undir höfði og öðrum samfélagsþópum. Annar minniháttur fjölmiðlafrumvarpið er að haldslutverki og stjórnvöldum fyrir hönd innflyndu eins og annarra samfélagsþópa þótt þeir væru ekki eins háværar og



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Friðrik Þór Guðmundsson:
Um vinnubrögð, siðareglur og viðhorf
- 8** Geir A. Guðsteinsson:
Um höfundarétt
- 11** Ingibjörg Elíasdóttir:
Frásagnarblaðamennska

Félagið

- 13** Siðamál
á norrænu þingi í Reykjavík
- 14** Nýir launataxtar
- 16** Arna Schram:
Umsögn um fjölmiðlafrumvarpið
- 18** Viðtal við Árna Torfason
Nýr formaður BLÍ
- 20** IFJ
Öryggismál blaðamanna

Úrskurðir

- 22** Úrskurðir siðanefndar

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
netfang **bi@press.is**
Heimasíða BÍ er **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Karl Jónsson, leiðsögumaður og bílstjóri útskýrir
fyrir forustumönnum norrænna blaðamanna sögu
Þingvalla. (Ljósmynd: Hjálmar Jónsson)

Umbrot á fjölmiðlamarkaði

Nú um stundir eru miklar hræringar á fjölmiðlamarkaði. Ný blöð eru að líta dagsins ljós og önnur að fjölga útgáfudögum. Í kjölfar nýrra laga um RÚV og væntanlegra fjölmiðlalaga eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á ljós-vakamarkaði, bæði hvað varðar rekstur og eignarhald og eins varðandi möguleika til að búa til ritstjórnarefni. Í þessari hringiðu allri eru bæði hættur og tækifæri – eins og gengur.

Ef vel tekst til má reikna með að þetta virki eins og vítamínsprautu á íslenska blaðamennsku. Þegar vettvangurinn til tjáningar aukist til mikilla muna verði kallað eftir nýjum hugmyndum og nýju fólki, hrist upp í þeim sem fyrir eru og enn meiri gróska og frjósemi einkenni fjölmiðlunina í framhaldinu. Það er því raunveruleg ástæða til að hlakka til. En tækifærum fylgir áhætta og fátt sem einhvers virði er næst sjálfkrafa.

Hætturnar eru meðal annars rekstrarlegar. Það er mikilvægt að rekstrararmál og afkoma aukins fjölda fjölmiðla í harðnandi samkeppni verði í góðu lagi. Hins vegar er ekki óeðlilegt að það hvarfli að fólki, hvort eins konar vanhugsað „loðdýraævintýri“ sé að grípa um sig í fjölmiðlarekstri. Að fólk velti fyrir sér hversu lengi markaðurinn taki við nýjum fjölmiðlum og auknu magni fjölmiðlaefnis. Slíkt getur ekki einvörðungu haft áhrif á þá viðbót sem orðin er nú þegar og sem er væntanleg, heldur getur slíkt einnig skipt miklu máli fyrir þá fjölmiðla sem fyrir eru og eiga sér lengri og dýpri rætur. Á hinn bóginn er huggandi til þess að vita að orðspor íslenskra kapítalista er almennt gott og því væntanlega ólíklegt að þeir hafi áhuga á vafasömum fjárfestingum eða að kasta fjármunum sínum á glæ. Fjölmiðlar eru mikilvæg vara í upplýsingasamfélaginu og reynsla undanfarinna ára sýnir að fjölmiðlun getur verið arðsamur rekstur þegar rétt er á haldið.

En hvort sem reksturinn á fjölmiðlum á eftir að ganga vel eða illa í nýju umhverfi, þá standa blaða- og fréttamenn frammi fyrir mikilli áskorun. Að standa vörð um fagleg grundvallartriði og halda uppi gæðum ritstjórnarefnis. Um árábil hafa alþjóðasamtök blaðamanna skilgreint það sem brýnt forgangsmál að standa vörð um vandaða blaðamennsku og vinnubrögð sem standast faglega staðla. Þetta má m.a. sjá með því að skoða heimasíðu Alþjóðasambands blaðamanna, w og smella á hlekkinn „Quality in journalism“. Sérstök ástæða er til að gefa þessari áherslu Alþjóðasambandsins gaum nú. Arðsemiskröfur og aðrar rekstrarlegar kröfur fjárfesta munu verða miklar ef vel gengur og jafnvel enn meiri ef illa gengur. Slíkar kröfur samrýmast hins vegar ekki alltaf því sem við blaðamenn teljum fagleg vinnubrögð eða vönduð og metnaðarfull efnistöð. Sameiginleg og útbreidd meðvitund stéttarinnar um gæði í blaðamennsku er því lykilatriði. Blaðamannafélagið hefur á umliðnum misserum leitast við að styðja faglega umræðu með ýmsum hætti. Meðal annars hefur verið efnt til sérstakra Blaðamannaverðlauna, sem nú verða afhent í fjórða sinn í febrúar. Þessi verðlaun draga fram það sem vel er gert og beina kastljósinu að þeirri fjölbreyttu gæðablaðamennsku sem er í gangi og blæs blaðamönnum og einstökum miðlum í brjóst heilbrigðum keppnisanda. Frestur til að tilnefna til verðlaunanna er nú liðinn og er tilnefninga dómnefndar beðið. Ekki er við því að búast að allir séu sammála álitum dómnefndar, en mikilvægust er þó umræða fjölmiðlamanna sjálfra um hvað sé vel gert og hvað ekki. Nái hún sér á strik er tilganginum náð.

Í þessu hefti Blaðamannsins er komið víða við, en meginþemað fjallar um starfskilyrði blaðamanna. Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður hefur nýlengi meistaragráðu í blaðamennsku við Háskóla Íslands og kannaði í lokaverkefni sínu eitt og annað varðandi starfskilyrði stéttarinnar. Hann ritar ítarlega grein sem byggir á þessum rannsóknum.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Arndís Þorgeirsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Már Jónsson, ritari
Hilmar Þór Guðmundsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarisdóttir

Varamenn:

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
Jóhannes Kr. Kristjánsson
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Hjálmar Jónsson, Mbl., Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarisdóttir, Róbert Róbertsson,
og Þorvaldur Ó. Kristmundsson

Varamenn:

Egill Ólafsson, Fríða Björnsdóttir,
og Jakob Bjarnar Grétarsson

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Elín Albertsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúdvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Hjálmar Jónsson

Fréttablaðið:

Kristín Eva Þórhallsdóttir

Stöð 2:

Hrafnhildur Harðardóttir, Sólvieg Kr. Bergmann
og Lilly Valgerður Pétursdóttir

Blaðið:

Ingólfur Júlíusson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Birtingur:

Ásta Andrésdóttir

Krónikan:

Sigrún María Kristinsdóttir

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúdvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögm., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson

Um vinnubrögð, siðareglur og viðhorf reyndra blaða- og fréttamanna



Eftir
Friðrik Þór
Guðmundsson

Umhverfi blaða- og fréttamanna á Íslandi hefur sannarlega umturnast á sl. aldarþriðjungi og aðstaða þeirra til að iðka viðurkennd og metnaðarfull fagleg vinnubrögð stóreflst.

Við höfum horft upp á þverrandi ítök stjórn málaflökkanna í fjölmiðlum, mikla fjölgun, aukna menntun og aukna sérhæfingu í stétt blaða- og fréttamanna og tækni framfarir hafa fyrir alvöru farið að nýtast blaða- og fréttamönnum við upplýsingaöflun og -miðlun, ekki síst tölvuvæðingin og síðar Netvæðingin, en einnig upp-tökutækni og fleira af þeim toga. Við höfum upplifað breytt lagaumhverfi, ekki síst setningu upplýsingalaga, sem treystu stöðu blaða- og fréttamanna til öflunar upplýsinga sem þeim var áður gjarnan meinaður aðgangur að. Við höfum orðið fyrir mikilvægum áhrifum erlendis frá hvað rannsóknarblaðamennsku varðar og þá ekki síst áhrif Watergate-málsins svokallaða. Síðustu ár hafa síðan orðið margslungnar breytingar á sviði fjölmiðlunar. Fjölmiðlasamsteypur hafa orðið til, nýir og öflugir fjölmiðlar hafa litið dagsins ljós, nýjar áttakablokkir hafa myndast um eignarhald á fjölmiðlum og um stefnu þeirra og enn of

snemmt að spá fyrir um áhrif þessa mikla umróts. En mitt í öllu þessu umróti hefur myndast ástæða til að efast um að blaða- og fréttamenn séu að standa sig betur faglega, eins og allar þessar hræringar ættu að gefa til-efni til, að minnsta kosti hvað varðar gagnrýna eða „harða“ fréttamennsku.

Könnun meðal reyndra blaða- og fréttamanna

Í því skyni að fá fram viðhorf reyndra blaða- og fréttamanna á Íslandi til vinnubragða og vandamála stéttarinnar efndi ég til könnunar þeirra á meðal. Könnunin var sérfræðinga-könnun að því leyti að ég valdi með flokkuðu/lagskiptu úrtaki 100 núverandi og fyrrverandi blaða- og fréttamenn og með blöndu af eigindalegri

Tafla 1: Fjórðavalds- eða aðhaldshlutverk blaða- og fréttamanna

Er æskilegt að blaða- og fréttamenn (í svokölluðum „hörðum“ fréttum) liti á sig sem einhvers konar „fjórða vald“ í samfélaginu – aðhald að t.d. stjórnvöldum og stórfyrirtækjum?

Já	38	48,7	50,0
Nei	32	41,0	42,1
Já/Nei	6	7,7	7,9
Óákv.	2	2,6	-----
Sv.ei	0	-----	-----
Alls%		100%	100%
Alls	78	78	76

Tafla 2: Þróun fjórðavalds- eða aðhaldshlutverksins

Varðandi síðustu spurningu; hefur að þínu mati orðið einhver þróun í átt að auknu slíku aðhaldi eða minnkuðu á undanförunum árum?

Aukning	27	34,6	37,5	47,4
L/óbreytt	20	25,6	27,8	35,1
Minnkun	10	12,8	13,9	17,5
Óákv.	15	19,2	20,8	-----
Sv. ekki	6	7,7	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	72	57

og megindlegri aðferðafræði tókst mér að ná 78% svarhlutfalli, hvar af tveir af hverjum þremur rökstuddu svör sín.

Fjórða valdið – aðhaldshlutverk fjölmiðla

Í könnuninni voru tvær spurningar er lutu að Fjórða valdinu (sjá töflur). Niðurstöður voru mjög athyglisverðar og bera með sér að fjórðavaldshugtakið sé verulega umdeilt sem slíkt, en alls ekki aðhalds- eða varðhundahlutverkið (tafla 1). 41% aðspurðra svara neitandi og mætti ætla að það feli í sér að fjölmiðlar eigi **ekki** að halda uppi aðhaldi gagnvart stjórnvöldum og öðrum valdamiklum öflum í samfélaginu. Svo er þó ekki, því við nánari greiningu kom í ljós að langflestir þeirra sem svara spurningunni neitandi (og rök-

Tafla 3: Þróun nálægðarvandans

Hefur þróun þjóðfélagsins breytt einhverju varðandi möguleg áhrif „nálægðarvanda“ (smæðar samfélagsins) á fagleg vinnubrögð stéttarinnar?

Já	39	50,0	52,0	60,9
Nei	25	32,1	33,3	39,1
Óákv.	11	14,1	14,7	-----
Sv. ei	3	3,8	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	75	64

styðja) eru að hafna fjórðavaldshugtakinu en ekki aðhaldshlutverkinu. Aðeins 5 einstaklingar (11%) svöruðu bæði neitandi og tóku ekki sérstaklega undir aðhaldshlutverkið. Má af svörum og rökstuðningi ráða að þótt um 41% reyndra blaða- og fréttamanna setji fyrir sig fjórðavaldshugtakið þá telji yfir 90% heildarinnar að aðhaldshlutverkið sé mikilvægt.

Hvað síðari spurninguna varðar komu í ljós verulega skiptar skoðanir um þróun aðhaldsins hjá fjölmiðlum (tafla 2). Stærsti einstaki hópurinn, rúmlega þriðjungur svaraenda, telur að aðhaldið hafi aukist. En einnig má nefna í sömu andrá þá sem telja að aðhaldið hafi lítið eða ekkert breyst (rúmlega fjórðungur) og jafnvel minnkað (13%) og eru þá tæplega 40% reyndra blaða- og fréttamanna með þessi heldur neikvæðu sjónarmið. Rúmur fjórðungur svarenda tók ekki afstöðu til þessarar þróunar.

Nálægðarvandinn

Þegar blaða- og fréttamenn verða of tengdir umfjöllunarefni sínu, t.d. af persónulegum ástæðum eða hagsmunatengdum, er hættu á því að grundvallarreglur á borð við sanngirnir, nákvæmni og óhlutdrægni víki. Í fámönnum samfélögum eins og Íslandi, þar sem „allir þekkja alla“, verður hættan á þessu að teljast mikil.

Með öðrum orðum er töluverð hættu á því að blaða- og fréttamenn verði of tengdir persónum í t.d. stjórnámálum og viðskiptum. Inn í spila félagsleg tengsl á ýmsum sviðum, svo sem í gegnum ætt, stjórnámálaflokk (einkum á tímum flokksmálagnanna), ípróttafélag og fleira.

Reyndir blaða- og fréttamenn virðast samkvæmt könnuninni og rökstuðningi við svörum einmitt hallast að því að þjóðfélagsbreytingarnar undanfarna áratugi hafi dregið úr nálægðarvandnum (Tafla 3). Helmingur aðspurðra svaraði játandi um að þróun þjóðfélagsins hefði leitt til breytinga í þessa átt, en þriðjungur þeirra taldi svo ekki vera. Tæplega 15% voru óákveðnir eða kusu að svara ekki spurningunni.

Nokkur hljómgrunnur er því fyrir þeirri ályktun að þjóðfélagið þróist með þeim hætti sem dregur úr áhrifum nálægðarvandans, sem verður að teljast mikilvæg þróun fyrir fagleg vinnubrögð innan stéttarinnar, því reyndir blaða- og fréttamenn telja að þessi nálægðarvandi hafi einmitt nokkur eða mikil áhrif á fagleg vinnubrögð stéttarinnar, svo sem við frétt- og greinaskrif hér á landi (Tafla 4). Um 56% reyndra blaða- og fréttamanna eru á þeirri skoðun á sama tíma og

Tafla 4: Áhrif nálægðarvandans

Hefur téður „nálægðarvandi“ mikil eða lítil áhrif á fagleg vinnubrögð stéttarinnar, svo sem við frétt- og greinaskrif um stjórnámál (eru t.d. persónuleg samskipti blaða- og fréttamanna og stjórnámalamanna hugsanlega of nán í „þorpinu“ Íslandi)?

Já	44	56,4	62,9
Nei	22	28,2	31,4
Já/Nei	4	5,1	5,7
Óákv.	7	9,0	-----
Sv. ei	1	1,3	-----
Alls%		100%	100%
Alls	78	78	70

Tafla 5: Dauði flokksblaðanna/fjölgun einkarekinna fjölmiðla

Hefur „dauði flokksblaðanna“ og fjölgun „frjálsra“ fjölmiðla (gæsalappir hér eru ekki gildisdómur) bætt fagleg vinnubrögð stéttarinnar?

Já	43	55,1	56,6	59,7
Nei	22	28,2	28,9	30,6
Já/Nei	7	9,0	9,2	9,7
Óákv.	4	5,2	5,3	-----
Sv. ei	2	2,6	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	76	72

helmingi færri svara spurningunni neitandi og telja áhrifin lítil eða engin.

Dauði flokksblaðanna

Í könnuninni var spurt: Hefur „dauði flokksblaðanna“ og fjölgun „frjálsra“ fjölmiðla (gæsalappir hér eru ekki gildisdómur) bætt fagleg vinnubrögð stéttarinnar?

Tafla 5 sýnir að vissulega er þetta viðhorf útbreitt, en það er langur vegur frá að tala megi um almenna samstöðu um þetta. Um 56% blaða- og fréttamanna eru á því að vinnubrögðin séu orðin betri vegna þessarar þróunar, en nærri því 30% telja að fagleg vinnubrögð hafi ekki batnað og nærri 15% eru tvístígandi. Efasemdirnar eru af ýmsum toga, en þær ágengustu annars vegar að á flokksmálöggnunum hafi oftast verið unnið faglega og hins vegar að annars konar eigenda- vald, engu betra, hafi tekið við af flokksitökunum.

Áhrif síðareglna

Á töflu 6 má sjá, að um 40% svara því játandi, að þróun síðanefndarúrskurða hafi haft áhrif á þróun faglegra vinnubragða stéttarinnar, um þriðjungur svarar neitandi og um fjórðungur svarar ýmist með bæði já og nei eða gefur óljós eða óákveðin svör.

Tafla 6: Áhrif siðareglna og siðanefndarúrskurða

Hefur þróun siðanefndarúrskurða haft áhrif á þróun faglegra vinnubrögða stéttarinnar?

Já	32	41,0	50,8
Nei	26	33,3	41,3
Já/Nei	5	6,4	7,9
Óákv.	15	19,2	-----
Sv. ei	0	-----	-----
Alls%		100%	100%
Alls	78	78	63

Þessar niðurstöður mega teljast óvæntar, ef gengið er út frá því að siðareglurnar og úrskurðarnefndin eigi einmitt að vera blaða- og fréttamönnum virkt aðhald og að stéttin eigi að taka mið af úrskurðum og laga vinnubrögð sín að þeim. Með öðrum orðum hefði mátt vænta mun jákvæðari svara, eins og tilgátan að baki spurningunni gekk út frá.

Áhrif breytts lagaumhverfis

Hin síðari ár hefur hvað lagaumhverfi fjölmiðla og áhrif á fagleg vinnubrögð varðar ekki síst reynt á annars vegar gildi Upplýsingalaganna svokölluðu og hins vegar á mörkin á milli tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífsins í lagasetningu, ýmiss konar úrskurðum og álitum alþjóðlegra og innlendra stofnana og dómaframkvæmd í t.d. meiðyrðamálum. Upplýsingalögin voru samþykkt árið 1996 og frá upphafi var reiknað með því að lögin yrðu blaða- og fréttamönnum sterkt vopn í höndum. Nokkuð afgerandi viðhorf kom fram í könnuninni um að breytt lagaumhverfi á síðustu árum hafi stuðlað að bættum faglegum vinnubrögðum blaða- og fréttamanna (Tafla 7).

Um 70% aðspurðra svara þessu játandi, um 17% reyndust tvístígandi (óákveðnir eða svöruðu játandi og neitandi í senn), en 13% svöruðu þessu neitandi. Það er því ótvíræð meirihlutaskoðun reyndra blaða- og

fréttamanna að lagaumhverfið sé um þessar mundir þeim hagstæðara en áður var. Meðal þeirra sem rökstyðja afstöðu sína er fyrst og fremst vísað til upplýsingalaganna og í því efni verður að segjast að hin jákvæða afstaða sé tregablandin. Það eru einkum tveir áherslupunktur áberandi og varða annars vegar það hvort menn séu að notfæra sér aukinn upplýsingarétt og hins vegar virðast menn hafa orðið varir við að opinberir embættismenn hafi ýmist brugðist til varnar eða jafnvel losnað undan upplýsingaskyldunni; ýmist eru viðkvæmar upplýsingar í einhverjum mæli ekki lengur settar á blað eða að einkavæddar opinberar stofnanir losna undan upplýsingalögnum.

Fjölgun í stéttinni

Samkvæmt félagatali Blaðamannafélags Íslands voru skráðir fullgildir félagar um áramótin 2005/06 alls 607 og hafði félögum þá fjölgað um 136% frá árinu 1990, þegar þeir voru 257 talsins. Fullgildir félagar í Félagi fréttamanna voru 62 í árslok 2005 og hafði félögum þá fjölgað úr 43 árið 1985 eða um 44%. Alls voru þá í þessum tveimur meginfélögum blaða- og fréttamanna 669 félagsmenn. Freistandi er að líta á þessa fjölgun sem merki um mikla grósku, framsækni og

Tafla 7: Áhrif breytts lagaumhverfis

Hefur breytt lagaumhverfi (svo sem upplýsingalöggjöf eða þróun túlkunar á tjáningar- og prentfrelsi) bætt fagleg vinnubrögð stéttarinnar?

Já	54	69,2	70,1	78,3
Nei	10	12,8	13,0	14,5
Já/Nei	5	6,4	6,5	7,2
Óákv.	8	10,3	10,4	-----
Sv. ei	1	1,3	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	77	69

Tafla 8: Áhrif fjölgunar í stétt blaða- og fréttamanna

Hefur fjölgun blaða- og fréttamanna bætt fagleg vinnubrögð innan stéttarinnar?

Já	20	25,6	26,0	28,2
Nei	51	65,4	66,2	71,8
Já/Nei	1	1,3	1,3	1,4
Óákv.	6	7,7	7,8	-----
Sv. ei.	1	1,3	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	77	71

metnað og einnig er freistandi að álykta sem svo, að æ betur menntað fólk sæki í þessi störf og að þar af leiðandi fari stéttinni fram í faglegum vinnubrögðum – að fjölgunin hafi fært með sér bætt fagleg vinnubrögð almennt.

Í könnuninni var spurt um fjölgunina (tafla 8) og eru niðurstöðurnar sláandi. Vil ég ganga svo langt að segja að þær séu áfelligsdómur. Af 78 svarendum taldi 51 eða rúm 65% að fjölguninni hefðu ekki fylgt bætt vinnubrögð – framfarir. Með öðrum orðum eru tveir af hverjum þremur reyndum blaða- og fréttamönnum á þessari neikvæðu skoðun. Einungis fjórðungur svarenda taldi sig merkja framfarir samfara fjölguninni.

Tímaþröng og vinnuálag

Meðal veigamestu áhersluatriða í viðurkenndum vinnubrögðum og siðareglum blaða- og fréttamanna á alþjóðavísu eru nákvæmni og vandvirkni. Augljóslega er ekki hægt að fullnægja þessum skilyrðum sómasamlega með því að kasta til hendinni og sópa út hálfunnun fréttum. En þetta er samt veruleikinn sem blasir við íslenskum blaða- og fréttamönnum. Það virðist stundum vera lítið á það sem náttúruleg mál að hver blaða- og fréttamaður eigi dag hvern að skila af sér sem allra flestum fréttum og ekki seinna en í gær. Ætla má að á

Tafla 9: Tími eða tímaskortur gagnvart vandvirkni

Hafa blaða- og fréttamenn yfirleitt nægan tíma til að sinna vandaðum málum (eða eru þeir oftast heftir af deadline-kröfum)?

Já	2	2,6	2,6	2,7
Nei	71	91,0	92,2	94,7
Já/Nei	2	2,6	2,6	2,7
Óákv.	2	2,6	2,6	-----
Sv. ei	1	1,3	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	77	75

hverjum degi séu reglur um vandvirkni og nákvæmni gróflega brotnar!

Það er enda fast að því einróma álit reyndra blaða- og fréttamanna á Íslandi að stéttin búi við mikinn tímaskort við upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu fréttanna sinna (tafla 9). Á töflunni má sjá þá eindregnu niðurstöðu að um 92% blaða- og fréttamanna segja nei og telja tímann of nauman. Í engri annarri spurningu þessarar könnunar kom fram jafn eindregin samstaða.

Svo yfirþyrmandi virðist þetta vandamál vera að sumir blaða- og fréttamenn tala um það sem krónískan vanda, alþjóðlegan og fast að því náttúrulegumál. Sumir svarenda töldu ástandið ekkert betra erlendis. Þeir eru hins vegar mun fleiri sem tala um tímaskortinn sem sérstakan vanda á Íslandi og jafnvel höfuðvanda íslenskrar blaða- og fréttamennsku. „Of lítill tími og þar af leiðandi grunnur fréttaflutningur er eitt af höfuðvandamálum íslenskrar blaðamennsku,“ segir blaðamaður á Morgunblaðinu. „Þetta hefur alltaf verið eitt helsta vandamál íslenskrar blaðamennsku,“ segir fyrrverandi blaðamaður. „Tíma-

skortur er helsti vandi blaða- og fréttamanna,“ segir fréttamaður hjá 365 ljósvakamiðlum. Og fleiri taka á móta djúpt í árinna.

Menn eru ekki margorðir um ástæðurnar fyrir hinum gegnumgangandi tímaskorti, en sjá má meginlínu um mannfæð á ritstjórnnum, miklar kröfur um afköst, miklar kröfur um skil á réttum tíma og meiri áherslu stjórnenda á magn en gæði.

Eftirfylgni fréttu

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að eftirfylgni fréttu sé ábótavant á Íslandi og þá í þeirri merkingu að þegar byrjað er að segja einhver tíðindi þá eigi að fylgja sögunni eftir þar til hún er öll sögð. Of mörg mál deyja eftir fyrsta flutning. Ég hef hins vegar ekki orðið var við mikla umræðu um þessi mál hér á landi, hvorki í ræðu né riti og því vissi ég ekki við hverju mætti í raun og veru búast í könnun sem tæki á þessu atriði.

Í könnuninni spurði ég um eftirfylgnina og sýnir tafla 10 að niðurstöðurnar geta ekki talist verulegur faglegur áfellingdómur. Vissulega virðast aðeins 3-4% reyndra blaða- og fréttu-

manna telja að stéttin standi sig vel í þessu efni. En um 52% merktu við sæmilega og margir þessara svarenda höfðu orð á ýmsum batamerkjum miðað við fyrri tíð. Tæplega 40% merktu við illa, sem út af fyrir sig getur talist hátt hlutfall og of hátt, en er þó lægra hlutfall en ég taldi mig geta átt von á.

Það er athyglisvert að þegar rökstuðningurinn er skoðaður vandlega kemur í ljós að styttra er á milli svareanna *illa* og *sæmilega* en í fyrstu mætti ætla. Auk þess að nefna batamerki nefna ýmsir þeir sem merkja við *sæmilega* atriði sem ekki eru beint sjálfum blaða- og fréttamönnum að kenna og því e.t.v. ósanngjarnnt að svara því til að þeir standi sig illa.

Niðurstöður

Skilaboð reyndra blaða- og fréttamanna eru skýr. Það er fjölmargt í umhverfinu og þróun þess sem ætti að hafa eftir fagleg vinnubrögð blaða- og fréttamanna, svo sem til að stunda gagnrýna/harða fréttamennsku, en vinnuálag, tímaþröng og framleiðni-kröfur gera slíka iðju illkleifa. Þessar niðurstöður ríma fullkomlega við niðurstöðurnar í meistaratígerð Katrínar Pálsdóttur, en þar kom meðal annars fram að 88% blaða- og fréttamanna eru mjög eða fremur sammála því að þeir séu undir mikilli tímapressu á vinnustað, 90% blaða- og fréttamanna eru mjög eða fremur sammála því að þeir séu undir miklu vinnuálagi, 57% blaða- og fréttamanna eru mjög eða fremur sammála því að vinnuálagið hafi aukist á síðustu tveimur árum og 74% blaða- og fréttamanna eru mjög eða fremur sammála því að þeir þurfi meiri tíma til að sinna verkefnum sínum.

Það er álit höfundar að við þessu þurfi stéttin að bregðast.

Fríðrik Þór Guðmundsson

Tafla 10: Eftirfylgni fréttu

Hvernig finnst þér blaða- og fréttamenn yfirleitt fylgja eftir (follow-up) fréttum sínum (sem þess þyrftu yfirleitt með)?

Illá	30	38,5	39,5	41,1
Sæmilega	40	51,3	52,6	54,8
Vel	3	3,8	3,9	4,1
Óákv.	3	3,8	3,9	-----
Sv. ei	2	2,6	-----	-----
Alls%		100%	100%	100%
Alls	78	78	76	73



press.is

vefur BÍ





Höfundaréttur blaðamanna á Norðurlöndum á undir högg að sækja



Eftir
Geir A.
Guðsteinsson

FRILANSVISAN

Melodi: Änglamark (Evert Taube)

*Kalla mig frilansjournalisten
eller dåren om du vill
orden vi ärvde
och bilden den sköna
råslit med texterna och
varva ner med te på kamomill
låt mig få skriva och må det sig löna.*

*Låt fingrar dansa som änglar mot var tangent
låt mig få jobba och skapa en skröna
låt språket leva och budskapet som det sänt
låt mig få göra av fjädern en höna.*

*Sluta att sänka de arvorden som vi får
låt orden flyga och meningar löpa
låt sista texten som faktiskt blev klar i går
tryckas så att det till läsaren fram det når.*

Ráðstefna norrænna „freelance“ blaðamanna fór fram í Kungälv í Svíþjóð á sl. ári. Undirrituðum bauðst að taka þátt í þessari ráðstefnu, en allt frá því að „gamla“ DV varð gjaldþrota í nóvemberbyrjun 2003 hef ég starfað sem slíkur. Á Íslandi starfa líklega um 20-30

blaðamenn sem verktakar, eða freelance, í fullu starfi sem er mun lægra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi eru þeir um 700 talsins, 1.300 í Danmörku, að vísu ekki allir í fullu starfi og jafnvel einhver hluti þeirra atvinnulaus, um 800 í Svíþjóð og um 450 í Finnlandi, en þar hefur þeim heldur farið fækkandi undanfarin ár sem er öfug þróun við það sem á sér stað á hinum Norðurlöndunum. Á orðum finnsku fulltrúanna mátti skilja að þar væru oft greidd lítil laun fyrir töluvert mikla vinnu, og varpað var fram þeirri spurningu hversu margir væru að starfa sem verktakar (freelance) í blaðamennsku á Norðurlöndunum án þess að vera félagsbundnir. Hérlandis eru freelance blaðamenn ekki í sérdeild og því erfiðara að henda reiður á fjöldann frá ári til árs, og einhverjir eru ekki félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands, þó flestir líklega í einhverju stéttarfélagi.

Á hinum Norðurlöndunum virðist barátta þessa hluta blaðamannastéttarinnar fyrst og fremst snúast um að verja höfundaréttinn en víða virðast þeir þurfa að sæta vissum afarkostum hjá útgefendum, fyrst og fremst tímarita og héraðsfréttablaða, vilji þeir yfir-

leitt eiga möguleika á vinnu. Mörg þessara tímarita ráða blaðamenn til starfa í fullt starf, en sem freelance, annað form kemur ekki til greina. Sænskir blaðamenn á ráðstefnunni töldu þessa þróun vonda þar sem í auknum mæli væru engir skriflegir samningar um þessi störf, og dytti blaðamönnum svo mikið sem í hug að fara fram á hækkun greiðslu, sneru útgefendur sér einfaldlega annað. Það væri því aðkallandi að efla samtakamátt blaðamannanna, en það væri erfitt því hver og einn þyrfti að hugsa um eigin hag.

Sumir blaðamenn án launa á Balkanskaga

En þessi vandamál norrænna blaðamanna hvað varðar höfundarétt og atvinnuöryggi virðast nánast léttvæg þegar hlustað var á tölu fulltrúa frá Serbíu og Úkraínu sem voru sérstakir gestir þessarar ráðstefnu. Dejan Kozul frá Serbíu sagði freelance blaðamenn þar í landi oft þurfa að sæta því að fá ekki borgað samkvæmt þeim samningi sem rætt hefði verið um í upphafi, og þyrftu jafnvel

Vandamál norrænna blaðamanna hvað varðar höfundarétt og atvinnuöryggi virðast nánast léttvæg þegar hlustað var á tölu fulltrúa frá Serbíu og Úkraínu sem voru sérstakir gestir þessarar ráðstefnu. Dejan Kozul frá Serbíu sagði freelance blaðamenn þar í landi oft þurfa að sæta því að fá ekki borgað samkvæmt þeim samningi sem rætt hefði verið um í upphafi, og þyrftu jafnvel að sæta hótunum reyndu þeir að leita réttar síns.

að sæta hótunum reyndu þeir að leita réttar síns. Pólítísk afskipti af störfum blaðamanna væri einnig í töluverðum mæli, og oft væru blaðamenn í lífs-hættu kæmi til orðahnippinga eða ósættis við pólítísk yfirvöld. Staða þeirra væri hins vegar vonandi að batna þar sem blaðamenn í löndum fyrrum Júgóslavíu hefðu bundist samtökum um vissa samvinnu en þeir eru taldir vera um 800 talsins, margir þeirra reyndar án vinnu og enn annar hópur að vinna án launa sem gerði mörgum erfitt fyrir. Eitt helsta vanda-málið væri að skattayfirvöld hefðu lít-inn skilning á þessum störfum. Nýtt málagn þessa hóps, *Balkan experts*, er byrjað að koma út, og vonir standa til að það verði réttindabaráttu blaða-manna í þessum löndum mikill styrkur.

Mykhaliyna Skoryk frá Úkraínu sagði að verktaka í blaðamennsku væri tiltölulega nýtt form þar í landi og því erfitt að henda reiður á heildar-fjölda þeirra sem þannig starfa þar í landi, en hún reiknaði með að þeir gætu verið allt að 3.000! Flestir þeirra starfa í höfuðborginni, Kiev, og mjög margir aðeins í hlutastarfi. Í undirbún-ingi er að gefa út félagatal freelance blaðamanna í Úkraínu en þar með ættu dagblöð, sjónvarps- og útvarps-stöðvar auðveldara með að finna hæf-asta fólkið til starfa. Mykhaliyna sagði það vissum erfiðleikum bundið að ákveða hvaða lágmarkslaun þyrfti að sýna til þess að geta orðið meðlimur í blaðamannasamtökunum, og öðlast þar með blaðamannaskírteini. Mánað-



Hluti þátttakenda í ráðstefnusalnum.

arlaun freelance blaðamanna í Úkraínu eru frá 35 þúsund krónum upp í 70 þúsund krónur, en blaðamenn í Úkraínu telja að með útgáfu félagatals auk-ist möguleikar þeirra á auknum tekj-um. Með auknu upplýsingastreymi mundu einnig aukast möguleikar á að fylgjast með hvort tilboð útgefenda um stærri og minni verk væru innan skynsamlegra fjárhagslegra marka. Í landinu hefðu blaðamenn hins vegar öðlast rétt til tjáningarfrelsins, en einn vandinn, og ekki lítill, væri að í landinu væri nokkur fjöldi Rússa sem teldu sig vera blaðamenn, en þar í landi fengju menn blaðamannaskírteini án þess að skrifa, en gegn „hæfilegri“ þóknun.

Á Norðurlöndunum virðist hins vegar vera mjög erfitt að átta sig á einhverri haldbærri gjaldskrá því oft-er ekki eru samningar við freelance blaðamenn trúnaðarmál, og einnig mjög misjafnir eftir því hvort um samn-inga um einstök skrif er að ræða eða hvort samið er til lengri tíma, og þá blaðamaður eingöngu við störf á við-komandi fjölmiðli. Margir ráðstefnu-gesta töldu að helsta ráðið væri að vera í góðu sambandi við aðra blaða-menn og bera sig saman við þá, væri þess einhver kostur.

Það var samdóma álit að freelance blaðamenn þyrftu að vera meira áber-andi, oft vissu útgefendur ekki hvert skyldi leita, ekki síst ef þörf væri á blaðamanni til afmarkaðra eða ein-stakra skrifa. Þar væru þeir blaðamenn sem væru með heimasíðu mun betur staddir og margir væru góðir og tíðir „bloggarar“ sem kæmi þeim að góðum notum. Blaðamenn þyrftu hins vegar að fara reglulega í „naflaskoðun“ og spyrja sig hvort þeir fylgdust nógu vel með, væru nógu upplýstir, eða hvort það væri ásættanlegt að vera sam-bandslaus úti í horni. Í því fælist hins vegar mikið metnaðarleysi en þess hefur nokkuð gætt að freelance blaða-menn væru hræddir við að gefa upp netsambönd eða tölvupóstfang til kolleganna, teldu líklega að það skerti samkeppnismöguleika þeirra.



Kalt en hressandi! Sundsprettur tekinn í sjónum í miðri bátsferð.



Ráðstefnugestir slappa af á klettaeyju og smakka á rækjum. Myndir: Geir A. Guðsteinsson



Greinarhöfundur í bátsferð út í klettaeyju í Kattegat.

Höfundarrétturinn á undanhaldi?

Höfundarréttur blaðamanna á verulega undir högg að sækja á Norðurlöndunum, og er kannski þrátt fyrir ýmsa vankanta, hvað sterkastur héraendis. Vaxandi tilhneiging er til þess hjá atvinnurekendum að eigna sér réttinn til afkasturs vinnu bæði blaðamanna og freelance blaðamanna. Vaxandi er einnig að þeir breyta texta að eigin vild, jafnvel ljósmyndum (fotoshop) og grafík alls konar og bera það alls ekki við að spyrja leyfis höfundar, hvað þá að borga fyrir það. Nauðsynlegt er að upplýsa almenning mun betur um þennan rétt blaðamanna, með því verður betur spyrnt við fótum gegn viðlíka „þjófnaði“. Almennungur er því oft ekki meðvitaður

um þennan rétt, sem við blaðamenn teljum svo sjálfsagðan.

Vandamálið er jafnvel enn stærra þegar kemur að ljósmyndum. Býsna algengt er í Svíþjóð og Noregi að ljósmyndarar eru ekki að fá greitt í samræmi

við útlagðan kostnað eða þá vinnu sem liggur að baki myndatökunni. Og það jafnvel þótt um það hafi verið samið fyrirfram, að visu oftast munnlega. Af orðum sænskra þátttakenda á ráðstefnunni í Kungälv mátti einnig skilja að oft væri ekki skilningur á að greiða fyrir fagleg vinnubrögð, og dæmi þess að aðeins fengjust um 1.000 krónur fyrir mynd! Einnig væri verið að nota myndir af myndböndum án þess að greiðsla kæmi fyrir.

Ráðstefnur markvissari í dreifbýli

Ráðstefnan stóð í 3 daga og var haldin í Kungälv, en þaðan er um hálf tíma akstur norður frá Gautaborg. Það er skynsamlegt að halda slíkar ráðstefnur utan stærstu þéttbýlistaðanna, fátt er sem glepur hugann fyrir utan náttúrufergurð, sem þarna er mikil. Þátttaka verður meiri og markvissari á fundum.

Til gamans má geta þess að á meðan á ráðstefnunni stóð unnu Íslendingar sigur á Svíum í handbolta í undankeppni heimsmeistarakeppninnar sem hefst nú í lok mánaðarins. Ég hafði lúmskt gaman af því að sýna Svíunum umfjöllun Expressen, en leikurinn fór fram í Stokkhólmi. Það er stundum mjög gaman að vera Íslendingur erlendis.

Geir A. Guðsteinsson



Í lok norrænna freelanceráðstefna fer ævinlega fram landskeppni í kíló. Heimamenn vinna alltaf þótt sameiginlegt lið Íslands og Noregs hefði auðvitað verið best!

Frásagnar blaðamennska



Eftir
Ingibjörgu Elías-
dóttur

Þrjár bandarískir sérfræðingar í frásagnarblaðamennsku (e. narrative journalism) héldu námskeið í Reykjavík á dögunum. Námskeiðið var ætlað háskólanemum og blaðamönnum. Fyrirlesarar og leiðbeinendur voru Mark Kramer,

ánægður að sjá fjölmiðlafólkið því stuðningur, vinsemd og samstarf við fjölmiðla væri forsenda fyrir náminu í fjölmiðlafræði við HÍ. Því næst kynnti hann fyrirlesarana og gaf þeim orðið.

Tenging við fréttina

Mark Kramer byrjaði að á að segja dæmisögu um blaðamann sem vaknaði við væl í sírenum slökkvibíls snemma morguns. Frekar en að skrifa frétt með þulu um staðreyndir um brunann færi þessi blaðamaður á kaffihús í hverfinu, hitti þar mann sem vaknaði líka við brunann. Hann tæki manninn tali og segði svo sögu um brunann byggða á því. Sögurnar um

fólkið sem lendir í hinu og þessu séu mun áhugaverðari en fréttir sem eru aðeins með staðreyndaupptalningu. Hann tók annað dæmi af frétt um þjófnað þar sem talið væri upp hverju var stolið, hvar og hvenær. Öllum væri sama, en ef við þekktum frænda þjófsins sem kannski væri skáld, þá kæmi tenging. Lesendur gætu þá kannski haft einhvern áhuga og skilning á þjófinum. Vitnað væri í frændann sem segði ... já hann Jói, hann var alltaf til vandræða ... Þetta væri mun áhugaverðara.

Hann sagðist raunverulega vera að tala um viðskiptalausn sem væri þrjúþætt. Hún væri góð fyrir blaðamenn því þeir gætu notað færni sína til þess að segja fréttir, hún væri góð fyrir lesendur því fjallað væri um breiðara svið mannlífsins og hún væri góð fyrir eigendur fjölmiðla því lestur ykist.

Mark Kramer er forstöðumaður the Nieman Program for Narrative Journalism en það er hluti Nieman Foundation við Harvard háskóla. Greinar eftir hann hafa birst víða, t.d. í The Boston Globe, The New York Times Magazine og The National Geographic. Meðal bóka eftir hann eru „Travels with a Hungry Bear; A Journey to the Russian Heartland“ og „Invasive Procedures; A Year in the World of two Surgeons“.

Meira á dýptina

Um aðferðir frásagnarblaðamennskunnar sagði Anne Hull að greinar hefðu byrjun, meginmál og endi. Þær

blaðmaður og forstöðumaður Narrative Journalism program, Nieman Foundation for Journalism við Harvard University, Anne Hull, blaðamaður á The Washington Post og Barry Newman, blaðamaður á The Wall Street Journal.

Námskeiðið var haldið á vegum meistaranáms í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, með stuðningi Blaðamannafélags Íslands, Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. Um þrjátíu þátttakendur voru á námskeiðinu.

Námskeiðið var í tvo daga. Fyrri daginn, þann 16. október, voru fyrirlestrar frá kl. 10-16, en seinni daginn var hópvinna og umræður frá hádegi til kl. 16.

Þorbjörn Broddason, prófessor, bauð nemendur og fjölmiðlafólk velkomið. Hann sagðist sérstaklega



Þátttakendur fylgdust með af athygli.

Myndir: IE



Hér má sjá fyrirlesarana ræða við hópinn. Barry Newman, Mark Kramer og Ann Hull.

væru ekki eins og fréttir skrifaðar í píramída-formi. Engin ástæða væri til að lesa slíkar fréttir til enda. Hún sagðist hugsa jafn mikið um endinn á fréttunum sínum eins og byrjunina. „Þú ferð á dýptina með þröngt sjónarhorn“, sagði Anne. „Að lokum ertu með svar við spurningu.“

Ekki í stað hefðbundinna fréttu

Námskeiðið var skemmtilegt og líflegt og allir þrír fyrirlesarar hvöttu til umræðna og nokkur skoðanaskipti urðu milli þeirra og einnig komu athugasemdir utan úr sal. Til dæmis spurði Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, hvort Mark og Anne

Barry Newman er blaðamaður hjá The Wall Street Journal. Hann var lengi fréttaritari í Suðaustur Asíu og í ellefu ár fjallaði hann um Austur-Evrópu og Sovétríkin. Árið 1989 fékk hann verðlaun the Overseas Press Clup fyrir greinar um fall kommúnismans.

Barry Newmann velti því upp hvort frásagnarblaðamennska væri aðferð framtíðarinnar eða hluti fortíðar. Hann las frétt sem skrifuð var árið 1928 þar sem blaðamenn voru gagnrýndir fyrir að skrifa smásögur þar sem fréttaelementið vantaði. Með þessu dæmi benti hann á að stundum ætti þessi aðferð við og stundum ekki. „Stundum viltu bara fá staðreyndirnar,“ sagði Barry. Hann sagðist oft hafa vonað að einhver annar væri að skrifa hörðu fréttirnar um ákveðna atburði þegar hann væri að skrifa mýkri fréttirnar, sögurnar. Hann sagðist skrifa hjá sér hugmyndir að fréttum sem hann vildi skrifa. Til dæmis hefði hann hugsað um það í 15 ár hvernig hann gæti skrifað frétt um það að Bandaríkjamenn færa sig ekki til hægri í rúllustigum eins og Bretar gera til þess að þeir sem vilja ganga geti farið vinstra megin, en hann væri ekki enn búinn að finna út hvernig hann gæti skrifað um þetta.

Anne Hull er blaðamaður hjá The Washington Post. Hún hefur nokkrum sinnum verið tilnefnd til Pulitzer-verðlauna og í tvígang hlotið verðlaun fyrir framúrskarandi skrif frá samtökum bandarískra ritstjóra. (American Society of Newspaper Editors Distinguished Writing Award).

væru að predika það að breyta fréttum sem snerust um staðreyndir og tölur í þessa tegund fréttu. Anne svaraði því til að greinar skrifaðar í stíl frásagnarblaðamenskunnar kæmu ekki í staðinn fyrir hefðbundnar fréttir. Hins vegar

mætti sjónarmið fólksins koma betur fram í slíkum fréttum. Barry gagnrýndi ritstjóra fyrir það að treysta blaðamönnum ekki nógu vel þegar þeir vildu fara út fyrir hina hefðbundnu fréttamennsku. Þeir legðu margir of mikla áherslu á hefðbundinn fréttuflutning með upptalningu staðreynda. Agnes spurði hann þá hvert hann teldi hlutverk ritstjóra vera. „Að vera innblástur fyrir blaðamenn,“ svaraði hann. „Láttu þig dreyma,“ sagði Agnes þá að bragði.

Um eðli frásagnarblaðamenskunnar sagði Anne Hull að í þessari aðferð fælist loforð um að útskýra heimin og ekki eingöngu að segja sögu.

Öll þrjú gáfu þau góðar leiðbeiningar um vinnuaðferðir, hvernig þau öfluðu gagna og ynnu úr þeim þannig að námskeiðið mun örugglega nýttast þátttakendum vel. Vinnuaðferðirnar sem þau lýstu eiga mjög margt sameiginlegt með eiginlegum rannsóknaraðferðum félagsvísinda. Þó er sá munur á að í grein sem skrifuð er í stíl frásagnarblaðamenskunnar verður alltaf að vera eitthvað fréttuþæmt. Mark Kramer lauk umræðunum með því að segja: „Þú hefur áhuga á því hvað viðmælendur þínir eru að gera, ekki hvernig þér líður á meðan þú horfir á þá við iðju sína.“

Fyrir þau sem hafa áhuga á að kynna sér frásagnarblaðamennsku nánar má benda á eftirfarandi vefslóðir: www.nieman.harvard.edu/ og www.narrativedigest.org

Hvað er frásagnarblaðamennska?

Í þessari tegund blaðamennsku felst að minnsta kosti að staðsetningu og umhverfi atburða er lýst fyrir lesandanum, fjallað er um raunverulegt fólk og raunverulegt líf þess, lesandi finnur hvernig sögunni vindur fram í tíma og hann finnur einnig fyrir sögumanni sem hefur tilfinningu fyrir sambandi við lesendur. Þegar allt þetta kemur saman áttar lesandinn sig á því að í sögunni er þema, tilgangur, tilefni og niðurstaða sem er þess virði að kynna sér.

Siðamál á norrænu þingi í Reykjavík

Siðamál voru m.a. til umræðu á vel heppnuðu Þingi norrænna blaðamannasamtaka, sem haldið var í Reykjavík í byrjun september síðastliðinn. Siðamálin hafa verið í brennidepli á nær öllum Norðurlöndunum þó með mismunandi hætti sé. Segja má að meginniðurstaða úr umræðum hafi verið að ef samtök blaðamanna og útgefenda taka ekki á þessum málaflokki með festu er yfirvofandi hætta á að sett verði löggjöf á þessu sviði, sem mikil hætta sé á að muni verða mjög íþyngjandi fyrir tjáningarfrelsið.

Það var Birgir Guðmundsson sem hóf umræðuna um siðamálin með því að reifa stöðu mála hér á Íslandi og fara yfir þau deilumál sem hér hafa verið uppi. Í kjölfarið fylgdu fjörugur samræður. Í ljós kom að á hinum Norðurlöndunum eru uppi mjög svipuð um-

ræða, m.a. um það hversu langt eigi að ganga í nafn- og myndbirtingum, en þó sérstaklega varðandi sjálfstæði ritstjórna og hvernig það er í raun að verða að siðferðilegri spurningu fyrir blaðamannastéttina að standa vörð um gæði og sjálfstæði stéttarinnar í markaðs- og fjármálatengdu rekstrarumhverfi fjölmiðlanna. Ljóst er að á hinum Norðurlöndunum eru ekki uppi miklar hugmyndir um endurskoðun siðareglanna sjálfra, enda telja menn að sá hluti málsins sé víðast í nokkuð góðum farvegi. Það er hins vegar krafan um að sniðganga þessar reglur sem veldur áhyggjum. Mismunandi er hvernig útfærsla er á þessum málum eftir löndum, en víðast eru siðareglur ekki eingöngu bundnar við fagfélög blaðamanna, heldur koma útgefendur einnig að málum og njóta reglurnar þannig víðtækara baklands. Þá er

einnig misjafnt hvernig tekist er á við það þegar félagsmenn brjóta reglur eða neita að viðurkenna þær. Í Noregi gildir einfaldlega að ef viðkomandi viðurkennir ekki siðareglurnar, þá getur hann ekki verið í Blaðamannafélaginu. Í hinum löndunum er þessu ekki svo farið og geta menn verið félagsmenn þótt þeir skrifi ekki beinlínis undir siðareglurnar.

Meginniðurstaðan var hins vegar sú, eins og Mogens Blicher Bjerregård, forseti þingsins og formaður danska sambandsins dró hana saman, að ef blaðamenn hefðu ekki öflugt sjálfstjórnarkerfi í gangi á þessu sviði gætu þeir reiknað með að fá á sig einhvers konar löggjöf frá stjórnvaldomönnunum, löggjöf sem væri nær öruggt að yrði margfalt verri en flest sjálfstjórnarkerfi (self-regulation) sem greinin kæmi sér upp.



Frá þinginu í Reykjavík.



Taxtar hækka um 9-13,5%

Taxtar blaðamanna hækkuðu um 9-13,5% á liðnu ári. Lægstu taxtarnir hækkuðu hlutfallslega mest og þeir hæstu hlutfallslega minnst. Það snýst við þegar horft er til hækunar taxa í krónutölu. Minnsta hækkan á töxtunum á árinu var 20.235 kr, og sú mesta 28.585 kr.

Það er tvennt sem skapar þessa hækkan. Annars vegar 3,15% hækkan allra launa og kjaratengdra liða nú um áramótin. Hins vegar 15 þúsund kr. krónutöluhækkan á öllum töxtum félagsins frá 1. júlí síðastliðnum í framhaldi af ramma-samningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um svonefndan taxtaviðauka. Þar af leiðir hlutfallslega meiri hækkan á lægri töxtum en þeim hærri.

Ég vildi að ég gæti sagt að laun allra blaðamanna hefðu hækkað um 9-13,5%. Það get ég því miður ekki, þar sem atvinnurekendur og okkar viðsemjendur flestir hverjir og allir þeir stærstu alla vega skutu sér á bak við svohljóðandi ákvæði í samningnum um taxtaviðauka. „Í þeim tilvikum þar

sem laun einstaklinga eru samsett af launataxa kjarasamnings og ráðningarsamningsbundum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu viðbótargreiðslurnar lækka um allt að því jafn háa fjárhæð og taxa-



viðaukan-um nemur.“

Þessari túlkun mótmælti Blaðamannafélagið í þeim tilvikum sem ráðningarsamningar gera ekki ráð fyrir að greitt sé sérstaklega fyrir yfirvinnu, en slíkir samningar virðast hafa færst mjög í vöxt því miður. Þar er ekki um réttnefndar yfirgreiðslur að ræða

heldur greiðslu fyrir yfirvinnu að lokinni dagvinnu og er það meðal annars rökstutt með tilvísan til svohljóðandi bókunar með samningnum um taxtaviðauka: „Við mat á því hvort breytingar á launatöxtum gefi tilefni til hækunar launa sem fyrir gerð samningsins voru hærri en launataxtinn, ber að leggja við launataxtann allar **aukagreiðslur fyrir dagvinnu**, aðrar en endurgjald á útlögðum kostnaði.“ (Leturbr. BÍ.)

Málið er ekki útljád en BÍ er með í skoðun hvort reynandi sé að fara með málið fyrir dómstóla. Það mun skýrast fljótlega. Í millitíðinni er hollt fyrir blaðamenn að hafa í huga að á sama tíma og þeir sem fá greitt samkvæmt taxa hafa fengið 9-13,5% hækkan hafa aðrir, þ.e.a.s. þeir sem eru á pakka-launum, fengið 3,15%+1,5% vegna verðlagsþróunar samkvæmt ákvörðun launaneftdar ASÍ og SA eða samtals um 4,7% hækkan. Taxtarnir hafa hækkað um 2-3 sinnum meira en það. Þetta hlýtur líka að vekja fólk til umhugsunar um það hversu hagkvæmt það er að gera slíka pakkasamninga.

HJ

Blaðamenn athugið!

Vinsamlegast tilkynnið um breytt **netföng** og **símanúmer** til skrifstofu Blaðamannafélagsins ef þið skiptið um vinnustað

Þeir sem ekki hafa sent inn passamyndir af sér, sem nota á í blaðamannapassa, til skrifstofu BÍ, eru vinsamlega beðnir um að gera það

Skrifstofan er opin virka daga kl. 10:00-15:00 og netfangið er bi@press.is

Launatafla SA og Bí vegna 365 ljósvakamiðla - 1. janúar 2007 3,15% hækkun frá fyrri töxtum

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun	196.256	215.136	224.574	234.647	245.392	256.851	269.066	282.083
21% álag	237.470	260.314	271.735	283.922	296.924	310.789	325.570	341.321

Yfirvinnutaxtar SA og Bí vegna 365 ljósvakamiðla frá 1. janúar 2007

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun	1.941	2.128	2.221	2.321	2.427	2.540	2.661	2.790
21% álag	2.349	2.575	2.687	2.808	2.937	3.074	3.220	3.376

Launatafla SA og Bí – 1. janúar 2007 3,15% hækkun frá fyrri töxtum

Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	171.422	188.750	199.147	210.167	221.849				
2. flokkur	201.143	221.773	229.509	237.535	245.863	254.502	263.466	272.766	282.414
3. flokkur	208.105	229.509	237.535	245.863	254.502	263.466	272.766	282.414	

Grunnlaun með 15% álag

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	197.135	217.063	229.019	241.692	255.126				
2. flokkur	231.314	255.039	263.935	273.166	282.742	292.678	302.986	313.681	324.776
3. flokkur	239.321	263.935	273.166	282.742	292.678	302.986	313.681	324.776	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	207.420	228.388	240.968	254.302	268.437				
2. flokkur	243.382	268.345	277.706	287.418	297.494	307.948	318.794	330.047	341.721
3. flokkur	251.807	277.706	287.418	297.494	307.948	318.794	330.047	341.721	

Yfirvinnutaxtar SA og Bí 1. júlí 2006

Grunnlaun

15.000

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	1.780	1.960	2.068	2.183	2.304				
2. flokkur	2.089	2.303	2.383	2.467	2.553	2.643	2.736	2.833	2.933
3. flokkur	2.161	2.383	2.467	2.553	2.643	2.736	2.833	2.933	

Grunnlaun með 15% álag

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2.047	2.254	2.378	2.510	2.649				
2. flokkur	2.402	2.649	2.741	2.837	2.936	3.039	3.147	3.258	3.373
3. flokkur	2.485	2.741	2.837	2.936	3.039	3.147	3.258	3.373	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2.154	2.372	2.502	2.641	2.788				
2. flokkur	2.528	2.787	2.884	2.985	3.089	3.198	3.311	3.428	3.549
3. flokkur	2.615	2.884	2.985	3.089	3.198	3.311	3.428	3.549	

Umsögn

Blaðamannafélags Íslands um lög um breytingar á útvarpslögum, samkeppnislögum og lögum um prentrétt



Eftir
Örnur Schram
formann BÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 til 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2006

Efni: Umsögn Blaðamannafélags Íslands um lög um breytingar á útvarpslögum, samkeppnislögum og lögum um prentrétt.

Blaðamannafélag Íslands þakkar tækifærið til þess að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um breytingar á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, þ.e. fjölmiðlafrumvarpið svo nefnda.

Félagið lagðist gegn fyrri fjölmiðlafrumvörpum og lögum sbr. m.a. ályktun fjölmenns aðalfundar félagsins vorið 2004. Í ályktuninni var m.a. hvatt til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga.

Frumvarpið sem nú hefur litið dagsins ljós er mun betur úr garði gert en fyrri frumvörp og er lagt fram í

kjölfar mikillar umræðu, vinnu nefnda og skýrslu þverpólitískrar nefndar. Það er því í raun ekki líku saman að jafna, þegar borin er saman aðferðafræðin sem og frumvarpið sjálft nú við fyrri frumvörp.

Blaðamannafélagið vill, eins og flest önnur samtök blaðamanna í Evrópu, tryggja að hér á landi sé fjölbreytni í efnistöku og fjölmiðlafyrirtækjum, dreift eignarhald á fjölmiðlum, gæði í blaðamennsku og sjálfstæði á ritstjórnunum.

Í frumvarpinu kemur fram vilji til að ná þeim markmiðum. Þar eru þó einstök atriði sem BÍ gerir athugasemdir við.

Í fyrsta lagi nefnir BÍ ákvæði um gagnsæi á fjölmiðlamarkaði. BÍ er hlynnt því að eignarhald á fjölmiðlum verði gert aðgengilegt til þess að almenningur geti tekið afstöðu til miðlanna með það í huga. Því telur BÍ að ákvæðið um gagnsæi sé ekki nógu skýrt í frumvarpinu. Í e-lið ákvæðisins er kveðið á um að nafn einstaklings eða eigenda fjölmiðilsins skuli birt á heimasíðu útvarpsréttarnefndar – ásamt öðrum upplýsingum. Á hinn bóginn er ekki kveðið á um það að upplýst verði hvernig eignarhaldið skiptist nákvæmlega milli eigenda miðilsins. Ekki er heldur kveðið á um það að breytingar á eigendasamsetningunni skuli birtar hið fyrsta. Þetta telur BÍ mikilvægt að laga.

Í öðru lagi nefnir BÍ ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði. BÍ er því hlynnt að settar verði reglur sem hafi ritstjórnarlegt sjálfstæði að markmiði. Þannig megi koma í veg fyrir óeðlileg

afskipti eigenda eða annarra hagsmunahópa af störfum blaðamanna. Með því að kveða á um slíkar reglur í lögum er auk þess verið að ítreka vilja löggjafans til þess að styrkja fagleg markmið blaðamennskunnar.

BÍ hefur barist fyrir því í kjarasamningagerð á undanförunum árum að í samninga verði sett skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna. BÍ telur að blaðamenn þurfi að búa við ákveðið starfsöryggi. Blaðamennska er vandasamt starf og blaðamenn þurfa gjarnan að skrifa um mál sem snerta ýmsa hagsmuni. Þeir eiga ekki að þurfa að óttast starfsmissi þótt stigið sé á einhverjar tær. Með reglum um skriflegar ástæður uppsagnar blaðamanna væri hægt að auka starfsöryggi, sem og fagmennsku, stéttarinnar.

Í ákvæðunum um ritstjórnarlegt sjálfstæði í frumvarpinu er talað um að reglurnar skuli samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélag þeirra. Í því frumvarpi sem lagt var fram sl. vetur var hins vegar talað um stéttarfélag, þar sem nú er starfsmannafélag. BÍ mótmælir þessum breytingum. Starfsmannafélög hafa haft allt annað hlutverk á fjölmiðlum og reyndar víðar en að gæta faglegra hagsmuna og grundvallarsjónarmiða. Fagfélag blaða- og fréttamanna, Blaðamannafélagið, gerir það hins vegar. Aðkoma fagfélags að reglunum er því mun líklegra til þess að styrkja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði en hitt. Því er mjög mikilvægt að sett verði inn orðið: fagfélag í stað orðsins: stéttarfélag.

Í a-lið ákvæðanna um ritstjórnarlegt sjálfstæði er talað um stjórnendur fréttastofu og dagskrárstefnu í breytingunum á útvarpslögum og ritstjóra og ritstjórnarstefnu í breytingunum á lögum um prentrétt. Í breytingunum á útvarpslögum er talað um: starfskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar. Í breytingunum á lögum um prentrétt er talað um: starfskilyrði ritstjóra og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu dagblaðsins.

Bí leggur til að greinarnar orðist svo: Starfskilyrði stjórnenda fréttastofu (ritstjóra og annarra yfirmanna) og blaða- og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu útvarpsstöðvarinnar (blaðsins) í samræmi við almennar faglegar siðareglur blaða – og fréttamanna.

Í þriðja lagi nefnir Bí ákvæðin um útvarpsréttarnefnd. Samkvæmt frumvarpinu breytist hlutverk hennar frá því sem verið hefur. Bí telur ekki ástæðu til að amast við því að einhver haldi utan um fjölmiðlamarkaðinn.

Eðlilegra væri þó að gefa aðilanum nýtt nafn, t.d. Fjölmiðlastofnun eða Fjölmiðlaskoðun Íslands.

Fulltrúar Bí eru tilbúnir til þess að mæta á fund menntamálanefndar Alþingis til að útskýra frekar sjónarmið félagsins, ef óskað er.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar
Blaðamannafélags Íslands

Arna Schram, formaður



MÁLFAARSHORN

Sagnir/hættir

- Í endursögn skal nota viðtengingarhátt:
 - Forseti segir að það sé ...
 - Sakborningarnir sögðu að það væri ...
 - *Ráðherra segir að það er ...

(Ath. Stjórnumerktá setningin er ótæk)

Sagnir/ (ó)persónulegar

- Sumar sagnir eru persónulegar eða ópersónulegar eftir merkingu. Persónulegar sagnir beygjast með frumlaginu en ópersónulegar beygjast ekki, frumlagið er þá í aukafalli, þ.e. ekki í nefnifalli:
 - Hann (nf.) bar sorg sína í hljóði (persónul)
 - Þeir (nf.) báru sorg sína í hljóði (persónul)
 - Hann (þf.) bar á góma (ópersónul)

- Þá (þf.) bar á góma (ópersónul)
- Ég (nf.) rak lestina / þeir (nf.) ráku lestina (persónul)
- Mig (þf.) rak út fjörðinn / þá (þf.) rak út fjörðinn (ópersónul)

Sagnir/hættir

- Samtengingin „að“ tekur ýmist framsöguhátt eða viðtengingarhátt eftir merkingu
- Framsöguháttur fylgir fullyrðingu
- Viðtengingarháttur fylgir ósk eða efa
 - Ég veit, að svo fer (fullyrðing)
 - Ég hugsa, að svo fari (vafi / óskhyggja)

Sagnir/ hættir

- Í spurnarsetningum er framsöguháttur:
 - Geturðu sagt mér hvað klukkan er?

- Þú sagðir mér ekki hvað klukkan var orðin margt!
- Viltu athuga hvort nemendurnir eru mættir?
- Óvíst er hvort nokkuð verður úr framkvæmdunum
- Ath. þó eftirfarandi setningar. Þær eru ekki beinar spurningar og einhver vafi til staðar:
 - Hann spyr hvað hæft sé í þessu
 - Við spurðum hvort nokkur kæmi

Sagnir/ hættir

- Viðtengingarhátt á að nota þegar um er að ræða samtengingarnar: „þó að“, „þótt“, „enda þótt“, „til að“ og „til þess að“:
 - Hann fór þó að hann væri ekki búinn
 - Hún beið til þess að hann kæmist með



„Viljum virkja meðlimi betur“

– segir Árni Torfason, formaður Bláðaljósmyndarafélags Íslands

Á aðalfundi Bláðaljósmyndarafélagsins í vetur urðu breytingar á stjórn og forustu félagsins. Þorvaldur Örn Kristmundsson sem árum saman hefur verið í forystu fyrir félaginu gaf ekki kost á sér en nýr formaður er Árni Torfason. Aðrir í stjórninni eru þau Brynjar Gunnarsson, Heiða Helgadóttir, Sigurður Jökull Ólafsson, Valgarður Gíslason. Óhætt er að segja að félagið standi á ákveðnum tíma-
mótum nú og Bláðamaðurinn forvitn-

aðist um það hjá Árna Torfasyni hvort mikil umskipti yrðu með hinum nýja formanni?

„Fyrst og fremst ætla ég að halda áfram því góða starfi sem Þorvaldur hefur skilað af sér. Sjá til þess að bók-in Myndir ársins komi út hvert ár og að hún nái að skapa sér sess hjá fólkinu í landinu sem góð og skemmtileg heimild yfir það sem gerðist á árinu. Það sem ég og stjórnin viljum reyna að gera er að virkja meðlimi BLÍ enn

frekar og fá þá til að taka þátt í um-ræðunni. Við byrjuðum á því að opna nýtt vefsetur fyrir félagið og má þar finna spjallborð sem við vonumst til að meðlimir verði virkir að taka þátt í. Gott að geta tekið púlsinn á meðlim-um þar ef það koma upp einhver mál sem þarf að ræða. Einnig viljum við almennt virkja vefinn meira. Fá ljós-myndara til að senda inn myndir, vera áfram dugleg að setja inn fréttir af því helsta sem er að gerast tengt ljós-



Ný stjórn BLÍ. Í henni sitja: Árni Torfason, Brynjar Gunnarsson, Heiða Helgadóttir, Sigurður Jökull Ólafsson, Valgarður Gíslason

myndun í heiminum og reyna að auka aðsókn almennings inn á vefinn.“

– *Hver eru helstu verkefni BLÍ, eru það sýningin og fræðslumál?*

„Fyrst og fremst er það sýningin og útgáfa bókarinnar Myndir ársins. Það er ávallt mikið lagt í sýninguna og hefur hún notið mikilla vinsælda meðal fólks í landinu. Ein fjölsóttasta listasýning á landinu. Einnig ætlum við að fræða meðlimi meira um höfundarrétt þeirra og hvað þeir geta gert í því ef myndir þeirra eru notaðar ólöglega.“

– *Hvernig hefur bókarútgáfan og sýningin verið að gera sig, eru viðtökur alltaf jafn góðar?*

„Viðtökur á sýningunni eru alltaf jafn góðar. Oft er hún umdeild og skapast hafa miklar umræður um hana, sem er ekkert nema gott. Síðasta dæmið sem ég man eftir var þegar serían hans Sverris Vilhelmssonar af afleiðingum flóðbylgjunnar hékk uppi á sýningunni. Þá fór það fyrir brjóstið á einhverjum hversu grafískar myndirnar væru og það hefði jafnvel ekki átt að hengja þær upp. En þetta var augljóslega stærsti fréttatitillurinn á árinu og það hefði verið vitleysa að láta hana ekki vera með í sýningunni.“

Bókin hefur komið út tvisvar áður og er að koma út í þriðja skipti núna.

Fólk er enn að átta sig á því að hún sé til, en ég hef engar áhyggjur af því



Árni Torfason, formaður Blaðljósmyndarafélags Íslands.

að hún eigi ekki eftir að verða vinsæl. Þetta er flott bók og mjög vegleg miðað við bækur annarra blaðljósmyndarafélaga t.d. á Norðurlöndunum. Edda útgáfa gaf hana út í fyrra og gefur hana einnig út núna og þeir eiga hrós skilið fyrir að styðja vel við bakið á okkur.“

– *Hvað eru margir í félaginu og*

hver eru helstu mál blaðljósmyndara í dag, höfundaréttarmál?

„Það eru í kringum 60-70 manns í félaginu í dag og fer ört fjölgandi. Mikið af ungum ljósmyndurum að mynda fyrir blöðin í dag og er það ekkert nema gott mál. Höfundaréttur er alltaf ofarlega á baugi hjá blaðljósmyndurum og verður áfram.“



MÁLFASSHORN

Tengingar

- Varast að nota „þannig að“ í stað „svo að“ eða „til þess að“.
- Siv vék úr stjórninni til þess að Sigríður kæmist að
- Siv vék úr stjórninni svo að Sigríður ...
- *Siv vék úr stjórninni þannig að Sigríður ...

(Ath. stjórnumerka setningin er ótæk)

Orðaleppar

- „Að vera að-veikin“
- EKKI segja: Landsliðið er að spila vel. „Er að“ er hér ofaukið. Öruggu-

lega ensk áhrif: „They are playing well.“

*Ég er ekki að fatta þetta orðalag (úfff!)

*Þetta er bara ekki að gera sig (úfff!)

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Orðaleppar

- „Inni í myndinni.“ Afar órökrétt og leiðinleg klisja. Merking óljós.
- á kortinu og uppi á borðinu. Myndlíkingar í stíl við „inni í myndinni“ og merkingin álíka loðin.
- í farvatninu . Í skandínávískum málum merkir „farvatn“ siglingaleið, en merking þessarar klisju er afar óljós í íslensku.

Enskan læðist inn

- „Í dag“ má ekki nota eins og „today“ á ensku. Rétt er að nota: Nú til dags / nú á dögum / núna
- „Talandi um“ er enskuskið orðalag. Rétt er að nota „fyrst minnst er á“.
- Enska nafnorðaveikin: „Enginn slysurðu á fólki.“ Betra að segja: „Enginn slasaðist.“
- „Á sama tíma“ er þýðing úr ensku. Betra að nota: „samþímis“ eða „jafnframt“.
- Íþróttalýsingar oft mjög enskuskiðar: „Hinn tuttugu og fimm ára gamli miðframherji skoraði sitt fyrsta mark með liðinu“



Árið 2006 var harmleikur í öryggismálum blaðamanna

Árið 2006 var harmleikur fyrir fjölmiðla heimsins, að mati Alþjóðasambands blaðamanna, þar sem dráp á fjölmiðlafólki náði sögulegum hæðum með að minnsta kosti 155 morðum, launmorðum og útskýrðum dauðsföllum.

„Fjölmiðlarnir eru almennt orðnir valdameiri og blaðamennska er orðin hættulegri – árið 2006 var versta ár hvað þetta varðar hingað til. Þetta var ár þar sem blaðamenn voru gerðir að skotmörkum, ár grimmdar og aðgerðaleysis gagnvart drápum á blaðamönnum,“ segir Aidan White, framkvæmdastjóri Alþjóða blaðamannasambandsins.

Eftir því sem leið á árið hækkaði tala fallinna samhlíða því að andstaða borgara og andstöðuhópa jókst gegn hernáminu í Írak. Alþjóða blaðamannasambandið segir að fjölmiðlar hafi orðið að einu helsta skotmarki hryðjuverkasamtaka jafnframt því að verða fórnarlömb slakrar hermennsku. Þegar leið að árslokum höfðu 68 starfsmenn fjölmiðla verið drepnir í Írak, sem þýðir að heildartala fjölmiðlafólks sem fallið hefur í landinu frá því að innrásin var gerð í apríl 2003 var því kominn upp í 170 manns um áramótin.

Ástandið var slæmt víða annars staðar. Alþjóða blaðamannasambandið segir að framhald hafi verið á ofbeldi í Suður Ameríku, einkum í Mexíkó, Kólombíu og Venezuela. Þar voru 37 dauðsföll á árinu á meðan stöðugar árásir á fréttar- og blaðamenn á Filippseyjum og á Sri Lanka sprengdu fjölda dauðsfalla í Asíu upp í 34.

Ályktun öryggisráðsins

Eina jákvæða merkið sem IFJ sér hvað þetta varðar á síðasta ári kom frá Sameinuðu þjóðunum, sem í fyrsta sinn sendu frá sér yfirlýsingu þar sem það er fordæmt þegar blaðamenn eru gerðir að skotmarki á átakasvæðum og gerðu þá kröfu til stjórnvalda um allan heim að lögsækja og rannsaka illvirkja sem að baki slíkum árásum standa.

Í ályktun sem samþykkt var á Porlákssmessu, þann 23. desember, skoraði öryggisráðið einróma á ríki heimsins að virða alþjóðleg lög og standa vörð um almenna borgara í vopnuðum átökum. Öryggisráðið krafðist þess að yfirvöld hættu að setja kíkinn fyrir blinda augað þegar kæmi að því að lögsækja morðingja blaðamanna og ákvað að gera árlega samantekt á þeim hættum sem að fjölmiðlafólki steðjaði.

„Þetta var eini ljósi punkturinn á ári sem verið hefur óendanlega niðurdrepanði,“ sagði White. „Í fyrsta sinn hafa Sameinuðu þjóðirnar beint kastljósinu að vanda sem hefur verið vaxandi og má kalla fjölmiðlakreppu. Það var löngu orðið tímabært. Við viljum nú sjá eitthvað gerast í

þessum málum gagnvart þeim ríkjum sem skellt hafa skollaeyrun við kröfum um að banamenn blaðamanna séu sóttir til saka,“ segir White ennfremur.

Aldrei fleiri dauðsföll

Tölfræði IFJ er annars sem hér segir:

Morð, skiplögd morð og útskýrð dauðsföll: 155

Lát af slysförum þegar menn voru að störfum: 22

Sem áður segir er þetta nýtt met en fyrra met er frá því árinu áður þegar skráð voru 154 dauðsföll, tala sem hækkaði mjög vegna þess að inni í henni er eitt atvik þegar 48 íraskir blaðamenn létust þegar þeir voru að fylgjast með verkefni sem var hernaðarlegs eðlis. En í ár eru slysin miklu færri, einungis 22.

Alþjóða blaðamannasambandið mun gefa út skýrslu nú í ársbyrjun þar sem hægt verður að sjá mun ítarlegri umfjöllun um þessi tilvik öll, en skýrslan heitir „Journalism put to the Sword“. Í skýrslunni er einnig fjallað um Öryggissjóð IFJ, en hún veitir fórnarlömbum ofbeldis og fjölskyldum þeirra aðstoð.

Mótmæladagur

Enn er Írak í brennidepli, en þar hefur IFJ verið í kraftmikilli baráttu fyrir því að tekið sé harðar á ofbeldi gegn fjölmiðlamönnum en gert hefur verið. Undanfarnir þrjú ár hefur IFJ staðið fyrir sérstökum mótmæladegi, 8. apríl. Sú dagsetning er tilkomin vegna þess að þann dag létust þrjú blaðamenn í skothríð frá Bandaríkjamönnum í Bagdad. Það hafa orðið 19 tilfelli af þessum toga síðan í innrásinni í Írak og í öllum tilfellum eru fjölskyldur þessara fórnarlamba enn að bíða eftir sjálfstæðum og áreiðanlegum skýrslum og greinargerðum um hvað gerðist.

Í október lýsti breskur dómari því yfir að eitt þessara fórnarlamba, blaðamaðurinn Terry Lloyd, hefur með ólög-mætum hætti verið drepinn af bandarískum hermönnum í Basra. Túlkur Terry Lloyds, Hussain Osaman var einnig drepinn og myndatökumannsins Fred Nerac er saknað, en hann er talinn látinn. Eðlilega hafa komið fram háværar kröfur um lögsókn gegn bandaríska hernum og þeim mönnum sem tengjast þessum málum og mörgum fleirum.

En samt sem áður er megnið af morðum á fjölmiðlafólki þó á ábyrgð hryðjuverkamanna og sérsinnaðra bardaga-sveita og flest ódæðisverkin hafa verið framin á götum Bagdad og annarra stórra borga sem eru sannkölluð hættusvæði fyrir mörg fréttateymi.

Alþjóða blaðamannasambandið hins vegar segir að vandinn við það að stjórnvöld horfi í hina áttina þegar um skiplögð dráp á blaðamönnum er að ræða einskorðist ekki við átakasvæði.

Rússland

Þann 12. desember sl. tóku Alþjóðasamband blaðamanna og önnur samtök sem tengjast fjölmiðlum saman höndum og komu á fót Alþjóðlegri rannsóknarnefnd um morð á blaðamönnum í Rússlandi. Þessi aðgerð kom í kjölfar morða á rannsóknarblaðmanninum Önnu Politkovskaya í Moskvu þann 7. október. Dauði hennar kom í framhaldi af meira en 200 morðum á blaðamönnum í Rússlandi frá 1993. Sum þeirra dauðsfalla hafa verið útskýrð og rannsökuð, en eftir að Vladimir Putin settist á forsetastól hafa um 40 blaðamenn verið drepnir og ekkert þeirra mála hefur fengið viðunandi rannsókn.

Afríka, S-Ameríka og Asía

Sá staður í heiminum sem er hættulegastur starfandi blaðamönnum næst á eftir Írak eru Filippseyjar að mati Alþjóðasambands blaðamanna. Þar voru drepnir 13 blaðamenn árið 2006, sem hækkar heildartölu fallinna blaðamanna í landinu frá því að Gloria Arroya komst til valda árið 2001 upp í 49. Er þar um að ræða mun hærrí tölur en þekktust á 14 ára einræðistímabili Marcosar.

Í Suður-Ameríku fór Mexíkó fram fyrir Kólombíu í drápum á fjölmiðlafólki sem er að skrifa um gæpi og spillingu. Í Mexíkó voru 10 blaðamenn drepnir árið 2006, og voru margir þeirra rannsóknarblaðamenn.



Sérsveitarmenn í Minsk í Hvíta Rússlandi handtaka ljósmyndarann Molinowski í október síðast liðnum. (Mynd: ifj.org)

Þá var Afríka og blóðug borgarastríðin þar hættuleg blaðamönnum á síðasta ári. Sviinn Martin Adler var skotin þar sem hann var að mynda mótmæli í Mogadishu og gamalreyndur blaðamaður og ritstjóri, Súdaninn Mohammed Taha var rænt og hann myrtur.

„Þetta var ár þar sem örfá lítil skref voru stigin í átt að því að takast á við þetta vandamál fjölmiðlanna. Þetta mál verður ugglaust eitt aðalmálið á Heimspingi IFJ sem haldið verður í Moskvu í maí. En við verðum að gera meira, sérstaklega í því að hjálpa fórnarlömbum ofbeldisins og í því að þrýsta á um að morðingjar kollega okkar séu dregnir fyrir lög og rétt,“ sagði Aidan White.

Hvað þýðir hvað?

Að gefnu tilefni þykir ástæða til þess að rifja upp hvað sé átt við með hugtökunum „on record“ eða „off record“. Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur alveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja félagar er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

1. **On the record** (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælenda og hver tengsl hans við málið eru.
2. **Off the record** (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildamanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur hins vegar notað upplýsingarnar

til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

3. **On background** (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.
4. **On deep background** (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu eða hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsögðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.

Ekki brot hjá Fréttastofu NFS

Mál nr. 1/2006-2007

Kærandi: Andrés Bertelsen

Kærði: NFS

Kæruefni: Fréttáflutningur NFS af bruna um borð í togaranum Akureyrinni 27. maí 2006

Málsmeðferð:

Bréf kæranda frá 20. júní var sent síðanefnd Blaðamannafélagsins sem ræddi málið á fundum sínum 5. og 11. september. Áður en kæran var tekin fyrir formlega á fundi óskaði formaður í samráði við nefndarmenn eftir viðbrögðum forráðamanna NFS sem bárust fyrir fundinn 5. september með bréfi dags. 14. júlí.

Málavextir:

Laugardaginn 27. maí, laust fyrir kl. 15, kemur upp eldur í Akureyrinni þar sem togarinn er að veiðum vestur af Látrabjargi. Ljósvalka- og netmiðlar flytja fréttir af eldsvoðanum þetta sama síðdegi. Í frétt NFS af atburðinum kl. 18.30 er upplýst að tveir menn hafi látist af völdum eldsvoðans. Landhelgisgæslan skýrir frá atburðinum á fréttamannafundi kl. 19 sem sendur er út á NFS og RÚV og þar kemur fram að tveir menn hafi farist.

Kærandi er faðir annars manna sem fórust en annar sonur hans var einnig í áhöfninni. Í kærinni kveðst hann hafa horft á kvöldfréttatíma NFS umræddan dag þar sem fram kom að tveir menn hefðu farist. Segir hann það vera það fyrsta sem hann heyri af dauðsföllum. „Ég hringdi þegar í móður drengjanna sem býr norður á Akureyri, en við búum ekki lengur saman. Þá var sóknarpresturinn í Glerárkirkju nýfarinn frá henni eftir að hafa tilkynnt að annar sonur okkar hefði farist í eldsvoðanum. Erfiðlega hafði gengið að ná í hana og ekkert verið reynt að ná í mig til að tilkynna mér um slysið,“ segir hann í bréfi sínu til síðanefndar.

Kærandi kvaðst hafa hringt í NFS og rætt við Róbert Marshall, forstöðumann stöðvarinnar, og krafist skýringa. Róbert hefði svarað að hann hefði

heyrt fréttamanninn ræða við prestinn á Akureyri og fengið leyfi hjá honum til að fara með fréttina. Kærandi hafði samband við prestinn, Arnald Bárðarson, sem fullyrti við hann að hann hefði ekki gefið NFS slíkt leyfi. Kvaðst faðirinn aftur hafa rætt við Róbert Marshall sem endurtekið hefði fyrri svör.

Kærandi telur NFS hafa brotið siðareglur BÍ, einkum 3. greinina, sem kveði á um að blaðamaður sýni fyllstu tillitssemi í vandasömum málum og forðist allt sem geti valdið saklausu fólki eða fólki sem eigi um sárt að binda óparfa sársauka eða vanvirðu. Hann telur það lágmarkskröfu að tryggt sé að náðst hafi í nánustu aðstandendur áður en frétt sem þessi er send út. Blaðamannafundur Landhelgisgæslunnar kl. 19 breyti engu um gjörðir NFS.

Í svari kærða segir Þórir Guðmundsson, varafréttstjóri NFS, að hann sem vaktstjóri hafi ákveðið að ekki skyldi segja frá dauðsföllum fyrr en boð bærust frá viðkomandi presti eða forstjóra Samherja um að ættingjar hefðu verið látnir vita. Hefði sr. Arnaldur flutt fréttamanni þau boð rétt fyrir aðalfréttatíma NFS kl. 18.30. „Arnaldur staðfesti síðan við undirritaðan, við undirbúning á þessu svari, að hann hefði látið fréttamann vita að búið væri að ná til aðstandenda. Mistök hefðu valdið því að ekki hefði verið búið að ræða við föðurinn,“ segir í svari Þóris Guðmundssonar vaktstjóra. „NFS vissi því ekki á þessum tíma, og gat ekki vitað, að ekki hefði verið rætt við föðurinn,“ segir einnig. „Rétt er að taka fram að ekki var um nafnbirtingu að ræða. Ákvörðun NFS um að segja ekki frétt af dauðsföllum af völdum eldsins, fyrr en í kvöldfréttunum að uppfylltum framangreindum skilyrðum, helgaðist af þeirri staðreynd að um var að ræða togara með fámennri (18 manna) áhöfn.“

Umfjöllun:

Vegna sumarleyfa tók síðanefnd málið fyrst fyrir á fundi 5. september

en síðan 11. september. Skömmu eftir að kæran barst óskaði formaður nefndarinnar að kærða yrði kynnt kæruefnið og óskaði álits hans og hafði skrifstofa BÍ milligöngu um það.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum 5. september og var ákveðið að heyrja sjónarmið prestsins. Í samtali við fulltrúa síðanefndar sagðist Arnaldur hafa látið NFS vita að haft hefði verið samband við ættingja. Þar sem foreldrar mannsins sem fórst byggju ekki saman hefði hann falið öðrum að ræða við föðurinn en hann sjálfur séð um ættingja hans nyrðra. Þá upplýsti hann að nafn föðursins hefði ekki verið á lista útgerðarinnar yfir þá ættingja sem hafa skyldi samband við ef vá bæri að höndum. Málið var síðan rætt aftur á fundi síðanefndar 11. september.

Ljóst er að hér hefur atburðarás verið mjög hröð. Fréttir af slysinu berast fljótt og ljóst er einnig að alvarlegt slys er á ferð. Ljósvalkamiðlar segja frá eldsvoðanum og björgunaraðgerðum og nefna skipið. Fljótlega er vitað að mannskaði hefur orðið. Um leið leita fjölmiðlar eftir því hvort unnt sé að greina frá manntjóni. Lita verður svo á að NFS hafi talið sér óhætt að greina frá manntjóni þar sem prestur var í sambandi við ættingja og hafði greint frá því að tekist hefði að ná í þá þótt í ljós hefði komið síðar að faðirinn var ekki þar á meðal. NFS telst því ekki hafa brotið siðareglur.

Úrskurður:

Fréttastofa NFS telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ.

Reykjavík 11. september 2006

Kristinn Hallgrímsson,
 Hjörtur Gíslason,
 Salvör Nordal,
 Valgerður Jóhannsdóttir,
 Jóhannes Tómasson

Séð og heyrt telst ekki brotlegt

Mál nr. 2/2006-2007

Kærandi: Nafnleynd

Kærðu: Séð og heyrt. Mikael Torfason ritstjóri og Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður.

Kæruefni: Umfjöllun tímaritsins *Séð og heyrt* um sambandsslit kæranda og unnusta hennar, sérstaklega textinn: „Næsti gjörðu svo vel!“ sem birtist við hlið myndar af kæranda.

Málsmeðferð:

Málið er kært til siðanefndar með bréfi frá Lögmannsstofu Jóns Egilssonar fyrir hönd NN, dagsettu 1. september 2006. Með kærinni fylgir ljósrit af umfjölluninni í *Séð og heyrt* sem og umsögn frá sóknarpresti vegna umfjöllunarinnar. Siðanefnd leitaði viðbragða ritstjóra *Séð og heyrt*. Svar Mikæls Torfasonar ritstjóra barst með tölvupósti 26. september. Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands fjallaði um málið á fundum 11. september og 9. og 30. október.

Málavextir:

Tímaritið *Séð og heyrt* fjallar um sambandsslit kæranda og unnusta hennar, sem er fyrrverandi Herra Ísland, í 33. tölublaði sínu, 17.-23. ágúst 2006. Stórar myndir af báðum aðilum fylgja umfjölluninni og við myndina af kær-

anda stendur stórum stöfum á gulum bakgrunni, sem myndaður er af stjörnu, „Næsti, gjörðu svo vel!“ Segir í kærinni að með þessu virðist sem verið sé að vísa til kæranda sem nokkurs konar gleðikonu eða lauslátrar stelpu, „sem taki hvern strákinn á eftir öðrum“. Kærandi hafi tekið þetta afar nærri sér. Í kærinni er sérstaklega tekið fram að kærandi sé óharðaður, ósjálfráða unglingur, nýorðin 17 ára, og brotið því alvarlegra en ella. Vanlíðan kæranda vegna þessarar umfjöllunar er einnig lýst í umsögn sóknarprests.

Í kærinni segir að móðir kæranda hafi árangurslaust reynt að ná sambandi við blaðamann og ritstjóra tímaritsins en „hugsanlega myndi skýring fjölmiðilsins eða afsökun valda umbj. mínum meiri skaða. Ekki verður t.d. séð að unnt sé að leiðrétta ummælin: „Næsti, gjörðu svo vel!“ án þess að það komi illa út fyrir umbj. minn.“

Í svari Mikæls Torfasonar ritstjóra á *Séð og heyrt* kemur fram að parið sem fjallað var um hafi margoft komið fram í fjölmiðlum og því hafi verið sagt frá sambandsslitunum. Hins vegar útskýrir Mikael að stjarnan og textinn inni í henni hafi verið sett við hlið ljósmyndar af kæranda vegna mistaka í umbroti blaðsins. Stjarnan með textanum „Næsti, gjörðu svo vel!“ hafi átt að fylgja greininni fyrir neðan. Sú frétt fjalli um konu sem sé farin að vinna í verslun og sé því viðeigandi.

Aðilum ber ekki saman um leiðréttingarhlið málsins. Mikael segir: „Móð-

ir kæranda vildi alls ekki fá leiðréttingu þegar ég gekk á hana og það kemur líka fram í kærinni. Svo hendur mínar eru bundnar. Þetta voru mannleg mistök sem ég fæ ekki leyfi til að leiðrétta.“ Þá segir í svari Mikæls að tímaritið vilji ekki særa neinn. „Okkur þykir mjög leiðinlegt að layout-manneskjan hafi gert þessi mistök sem virðast hafa sært stúlkuna.“

Umfjöllun:

Siðanefnd telur ljóst að umfjöllun tímaritsins *Séð og heyrt* hafi valdið kæranda mikilli vanlíðan.

Meginefni kærunnar snýst um stjórnumerkingu myndarinnar af kæranda og hvort tímaritið hafi með textanum: „Næsti, gjörðu svo vel!“ brotið gegn siðareglum blaðamanna. Siðanefnd tekur útskýringar ritstjóra um mannleg mistök í umbroti trúanlegar. Siðanefnd telur þessi mistök óheppileg en að ekki verði séð að um ásetning hafi verið að ræða.

Úrskurður:

Séð og heyrt telst ekki hafa brotið gegn siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

*Kristinn Hallgrímsson,
Hjörtur Gíslason,
Sigurveig Jónsdóttir,
Salvör Nordal,
Brynhildur Ólafsdóttir*



Blaðamanna verðlaun 2006

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélagsins fyrir árið 2006 verða veitt laugardaginn **17. febrúar** 2007 í Þingholti, Hótel Holti **kl. 17:00-19:00**. Verðlaun eru veitt í þremur flokkum:

Besta umfjöllun ársins 2006

Rannsóknarblaðamennska ársins 2006

Blaðamannaverðlaun Íslands 2006



Athygli er vakin á því að verðlaunaafhendingin í ár er frábrugðin því sem verið hefur undanfarin ár.

Verðlaunaafhendingin sjálf hefur verið flutt fram til kl 17:00 og fer fram á Hótel Holti. Á eftir verður boðið upp á léttar veitingar.

Um kvöldið milli 21:00-24:00 verður svo opið hús fyrir blaðamenn á veitingastaðnum Rex, þar sem tækifæri gefst til skrafs og ráðagerða um tíðindi dagsins.

Myndir ársins 2006

Sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands verður opnuð í Gerðarsafni, Kópavogi, **laugardaginn 17. febrúar**

Opnun og verðlaunaafhending fyrir myndir ársins í ýmsum flokkum hefst kl. 15:00